

Hverfisnefnd Naustahverfis

13. fundur haldinn á Naustatjörn 26. nóvember 2008.

Mættir voru Ólöf Inga Andrédóttir, Hrafnhildur E. Karlsdóttir, Björk Guðmundsdóttir, Gísli Rúnar Magnússon, Ásdís Birgisdóttir og Sigurður Sveinn Ingólfsson.

Lagt var fram erindisbréf hverfisnefnda á Akureyri. Eina athugasemdin sem kom fram var í liðnum „Hlutverk“.

Rætt var um ýmsar upptökur fyrir íbúa hverfisins og var ákveðið að skoða hvort hægt væri að gera eitthvað milli jóla og nýars.

Ákveðið að halda áfram tala fyrir brýnum málefnum eins og Naustaskóla, malbikun í hverfinu, raflýsingu ofl. Rætt um hvað yrði um „óskalistann“ sem hverfisnefndir voru beðnar um að búa til.

Mikilvægt að nefndin setji sér starfsreglur og hefur til hliðsjónar starfsreglur annarra hverfisnefnda. Tekið fyrir á næsta fundi.

Rætt um hvort auglýsa ætti betur kjörna fulltrúa í hverfisnefndum bæjarins til að minna íbúa hverfanna á hverjir það séu.

Fleira var ekki á dagskrá og fundi slitið.